

Sundfélag Akraness

Íþróttamiðstöðin Jaðarsbökkum
Netfang: sundfelag@gmail.com
Heimasíða: <http://www.ia.is/sund>



Akranesleikar Sundfélags Akraness verða haldnir 30.maí – 01. júní nk.



Keppt verður í Jaðarsbakkalaug á Akranesi sem er 25 metra útilaug með 5 brautum.

Það sem við þurfum að muna eftir eru hlý útiföt (kuldagalli) sundföt og handklæði, dýna og sæng ásamt snyrtidóti og góðu skapi :-)

Mótið er stigakeppni milli félaga, þar sem fimm fyrstu keppendur í hverjum aldursflokki í hverri grein fá stig. Sigurvegari fær 6 stig, síðan 4, 3, 2 og 1 stig. Í boðsundsgreinum er tvöföld stigagjöf 12, 8, 6, 4 og 2 stig. **Stigahæsta félagið hlýtur** farandbikar og varðveitir hann í eitt ár.

Verðlaun

Veittir verða verðlaunapeningar fyrir 1., 2., og 3. sæti í öllum einstaklingsgreinum nema í hnokka og hnátuflokki og fyrir 1., 2. og 3. sæti í boðsundgreinum nema í hnokka og hnátuflokki.

Veitt verða verðlaun í þremur aldursflokkum þ.e. 12 ára og yngri, 13-14 ára og 15 ára og eldri. Í hnokka- og hnátuflokki fá allir viðurkenningu fyrir þátttöku.

Stigahæsti sundmaður mótsins (FINA stigatafla) hlýtur farandbikar fyrir stigahæsta sundið.

Á mótinu verður valið prúðasta liðið og hlýtur það Brosbikarinn sem er farandbikar.

Gisting og fæði:

Eins og áður verður boðið upp á gistingu í Grundaskóla sem er stutt frá lauginni. Allur matur verður einnig framreiddur í Grundaskóla.

1. hluti upphitun kl. 15.00, mót hefst kl. 16.15
2. hluti upphitun kl. 07.00, mót hefst kl. 08.00
3. hluti upphitun kl. 11.30, mót hefst kl. 12.30
4. hluti upphitun kl. 17.00, mót hefst kl. 18.00
5. hluti upphitun kl. 07.00, mót hefst kl. 08.00
6. hluti upphitun kl. 12.00, mót hefst kl. 13.00

Verð á gisti- og fæðispakka og rútukostnaður og nesti á bakka. Alls kr : 13.000-

Innifalið í verðinu er: Morgunmatur - laugardag og sunnudag, hádegismatur - laugardag og sunnudag, kvöldmatur - föstudag og laugardag, gisting í 2 nætur og rúta fram og til baka ásamt ávöxtum og samlokum á bakka.

Brottför með rútnu verður frá Vatnaveröldinni föstudaginn 30. maí kl. 12:00. Áætluð brottför fyrir heimferð er kl. 13:00 frá Akranesi fyrir 12 ára og yngri og heimkoma er því kl. 15.00 á sunnudeginum 01. júní einnig við Vatnaveröldina. 13 ára og eldri fara heim eftir að sjötta hluta líkur á sunnudeginum, nánari tímasetning kemur síðar.

Greiða skal ferðina inná reikning 0142-26-010236 kt. 480310-0550 fyrir þriðjudaginn 28. maí !!

Foreldrafundur um Akranesleikana verður í K-húsinu fimmtudaginn 15. maí kl. 19:30.

Foreldrar þurfa að staðfesta við þjálfara að börnin þeirra fari með, fyrir föstudaginn 16. maí.

Kv. Þjálfarar